

Svifryk og heilsufar

Ísland hefur í huga okkar og líklega flestra sem heimsækja landið þá ímynd að vera hreint, heilsusamlegt og að óspillt náttúran bæti okkur, hressi og kæti. Í því samhengi er oft minnst á loftgæðin sem eru almennt mjög góð en með verulegum undantekningum þó. Svifryksmengun hefur þar borið einna helst á góma og þá mest í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Uppruni þess er bæði af náttúrulegum sem og mannavöldum og hið síðarnefnda tengist þá helst bruna á jarðefnaeldsneyti.

Loftmengun og svifryk eru samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (WHO) eitt af stærstu umhverfisvandamálum samtímans og talið að allt að 7 milljónir dauðsfalla megi rekja til mengunar af þeirra völdum. Þeir ganga meira að segja svo langt að halda því fram að meðalævi Evrópubúa sé 9 mánuðum styttri vegna þessa vanda. Það hefur aftur leitt af sér ýmsar aðgerðir til að stemma stigu við mengun, sérstaklega í borgum og þéttbýli.

Samsetningu svifryks er skipt í gróft og fint, en ástæða er til að hafa áhyggjur af finu ryki þar sem þessar smáu agnir geta ferðast djúpt í lungun við innöndun, jafnvel dreifst út í blóðrásina og um líkamann og valdið þar ýmsum skada. Ljóst er að bæði er um skammtíma- og langtímaáhrif og búið er að skilgreina heilsuverndarmörk að nýju í reglugerð árið 2016.

Heilsufarsáhrifin eru ágætlega skilgreind og rannsókuð erlendis, þar eru astmi og öndunar-



**Samstillt
átak er
naudsynlegt
og við
megum enga
tíma missa**

Teitur Guð-
mundsson,
læknir



80
ótímabær
dauðsföll á
Íslandi.

7
milljónir
dauðsfalla
á heimsvísu.

9
mánuðum
styttri ævi að
meðaltali í
Evrópu.

20
sinnum á ári
yfir heilsu-
verndar-
mörkum.

færasjúkdómar efstir á blaði, en hjarta- og æðasjúkdómar, ýmsar tegundir krabbameina, ófrjósemi karla og Alzheimer-sjúkdómur hafa verið nefnd í þessu samhengi auk almennt hærri dánartíðni þar sem mengun er mikil. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með, upplýsa almenning og grípa til aðgerða, en við höfum séð samhengi á milli innlagna á sjúkrahús vegna versunar á lungnastarfsemi og aukinnar notkunar astmalyfja svo dæmi séu tekin. Bráð áhrif við mikla mengun geta lýst sér í brjóstverkjum, heila- og hjartaáföllum sem og truflunum á hjartslætti og jafnvel skyndidauda samkvæmt erlendum rannsóknum. Hérlandis hefur verið áætlað að um 80 ótímabær dauðsföll á ári megi rekja til svifryksmengunar.

Reglubundið er magn finna ryks yfir heilsuverndarmörkum og mikil umræða hefur skapast á síðustu árum, ekki verður við núverandi ástand unað og ljóst að aðgerðir sem lúta að því að draga úr útblæstri, sérstaklega dísilbíl, eru nauðsynlegar. Akstursbönn í miðborgum víða í Evrópu eru fyrirmynd, en hafa einnig umhirda gatna og önnur úrræði verið reifuð. Huga ætti að sparneytnum og vistvænum ökutækjum og sérstaklega rafbilavæðingu auk þess að efla almenningssamgöngur, göngur og hjólréiðar. Þá er mikilvægt að við öflum betri gagna hérlandis, en engin ástæða er til að ætla að heilsufarsleg áhrif séu önnur hér og styðja nokkrar rannsóknir það nú þegar. Samstillt átak er því nauðsyn og við megum engan tíma missa lengur, ótímabær dauðsföll og heilsuþrestir af þessum völdum eru með öllu óásættanleg og við sem samfélag berum ábyrgð á því, þetta er dauðans alvara.

 **Doktor.is**

Fréttablaðið 22.9.2018